

Verklagsreglur mannréttindaráðs um skyndistyrki fyrir árið 2017

Skyndistyrkir eru afgreiddir 4 sinnum á ári

Mannréttindaráði er heimilt að halda eftir allt að 25% samþykkrar heildarupphæðar styrkfjár til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartíma, enda sé þá um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkja úthlutunar.

Svokallaðir skyndistyrkir eru að jafnaði aðeins afgreiddir í febrúar, maí, september og nóvember.

Hægt verður að sækja um þá á árinu 2017 á með því að senda útfyllta umsókn á netfangið: mannrettindi@reykjavik.is
Eyðublaðið er að finna á vefsíðu mannréttindaskrifstofu.

Styrkumsóknir eru yfirfarnar af starfsmönnum mannréttindaskrifstofu og lagðar fram á fundi mannréttindaráðs.

Gildandi verklagsreglur ráðsins, styrkjareglur borgarinnar og sérstakar áherslur ársins eru að öðru leyti hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu þessara styrkbeiðna, einkum hvað varðar mælikvarða við mat á umsóknum.

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti:

- 24. febrúar vegna afgreiðslu á síðari fundi ráðsins í mars 2017
- 27. apríl vegna afgreiðslu á síðari fundi ráðsins í maí 2017
- 31. ágúst vegna afgreiðslu á síðari fundi ráðsins í september 2017
- 30. október vegna afgreiðslu á síðari fundi ráðsins í nóvember 2017

Samþykkt á fundi mannréttindaráðs 25.10.2016